



Reykhólahreppur Mariutröð 5a – Reykhólum 380 Reykhólahreppur
Sími: 434-7880 fax: 434-7885
Tölvupóstur: skrifstofa@reykholar.is sveitarstjori@reykholar.is

Fundur haldinn í BRUNAMÁLA- OG ALMANNAVARNARNEFND Reykhólahrepps
miðvikudaginn 4. febrúar 2009. kl. 15:00.

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Mariutröð 5 A, Reykhólum.
Fundargerð rituð á tölvu og er hún ein blaðsíða að stærð.

Mættir: Egill Sigurgeirsson, Guðmundur Ólafsson slökkviliðsstóri, Úlfar Lúðvíksson
sýslumaður, Jónas Sigurðsson aðalvarðstjóri, Bjarki Stefán Jónsson og Óskar
Steingrímsson fundarritari.
Á fundinn komu einnig Júlía Guðjónsdóttir skólastjóri, Björg Karlsdóttir leikskólastjóri
og Hrefna Hugosdóttir hjúkrunarforstjóri.

Egill setti fund og bauð menn velkomna.

Dagskrá:

1. Fyrirhuguð brunaæfing í skóla og leikskóla.
Egill kynnti fólk og sagði frá efni fundarins og gaf Guðmundi orðið.
Guðmundur fór yfir hvað fælist í æfingunni, en aðamálið er að æfa rýmingu
skólans, leiksólans og annarra rýma í bygginunni ef eldur verður laus.
Næstu skref eru kynning á æfingunni meðal starfsmanna og nemenda skólanna
með aðstoð slökkviliðs og nefndarinnar. Kynning á leikskólanum ákveðin 5.
febr. og í grunnskóla 6. feb.

Júlía, Björg og Hrefna yfirgefa fundinn kl. 15:50.

Fyrirkomulag væntanlegrar æfingar rætt áfram og reynt að fá heildarmynd af
æfingunni.

Ákveðið að hafa hópslysaæfingu í maí/júní í samstarfi við
nágrannasveitarfélögin og jafnvel fleiri aðila t.d. Landhelgisgæsluna.

Úlfar og Jónas yfirgáfu fundinn kl. 16:00.

Önnur mál.

1. Námskeið slökkviliðsmanna.
Stemmt skal á að senda einhverja slökkviliðsmenn á námskeið sem haldin verða í
Borgarnesi og Búðardal í mars n.k.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:00.

Egill Sigurgeirsson, (sign)
Guðmundur Ólafsson (sign)
Bjarki Stefán Jónsson (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)